

Reglur og leiðbeiningar um dómaramám fyrir dómara sækjandi hunda (retrieverhunda)

1) Markmið

Þessar reglur um menntun veiðiprófsdómara skulu tryggja að þeir, innan ramma gildandi veiðiprófsreglna fyrir öll kyn retrieverhunda, öðlist næga hæfni til að dæma þá eiginleika sækjandi veiðihunda sem þeim var upprunalega ætlað, þ.e. aðstoð við veiðimenn eftir að bráð er fallin, og nytsemi þeirra við aðstæður sem koma kunna upp við hefðbundnar veiðar, til að hvetja til notkunar á sækjandi hundum til ástundunar veiða á sem mannúðlegastan hátt og sem stuðningur við val á ræktunardýrum sem tryggt getur framtíð meðfæddra eiginleika viðkomandi hundakynja.

2) Almennar kröfur um hæfni dómaramema

- Virkur veiðimaður með skotvopnaleyfi síðastliðin fimm ár og gilt veiðikort.
- Þjálfun og stjórnun a.m.k. tveggja hunda í prófum, þ.a. öðrum til einkunna í öllum flokkum
- Reynsla sem prófstjóri við skipulagningu veiðiprófa og nokkurra ára þátttaka í veiðiprófum.
- Vera virkur félagi í HRFÍ.

3) Umsóknarferli

- Umsækjandi sendir inn umsókn til stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ um að hefja dómaramám.
- Stjórn Retrieverdeildar HRFÍ fer yfir umsókn á næsta fundi, að mati og skoðun lokinni sendir hún umsóknina dómaramáðs með umsögn sinni um málið standist umsækjandi kröfur.
- Dómaramáð fer yfir umsókn, ef umsókn er samþykkt staðfestir dómaramáð til stjórnar Retrieverdeildar og sendir til staðfestingar á stjórn HRFÍ.
- Að lokinni staðfestingu stjórnar HRFÍ upplýsir dómaramáð umsækjanda um stöðuna og næstu skref í ferlinu á þessu stigi er umsækjandi orðinn dómaramemi.
- Dómaramemi tekur grunnnámskeið sem lýkur með prófi.

4) Dómaramáð

- Dómaramáð er skipað 3 aðilum, þar af 2 dómurum með réttindi til að dæma sækjandi hunda á veiðiprófum og eru þeir skipaðir af dómurum með réttindi frá HRFÍ til að dæma sækjandi hunda.
- Einn fulltrúi í dómaramáði skal skipaður af stjórn Retrieverdeildar, hann þarf að hafa reynslu af því að stjórna hundum á prófi og vera prófstjóri. Ekki mega vera meira en 3 ár síðan hann stjórnaði hundi síðast í prófi og var prófstjóri.
- Dómaramáð skal skipað til eins árs í senn.
- Dómaramáð skal kynnt stjórn HRFÍ og á vefsíðum Retrieverdeildar og HRFÍ.

5) Fræðilegt grunnnámskeið

Allir nemar sem samþykktir hafa verið til þátttöku í dómaramámi skulu, til undirbúnings frekara náms, taka þátt í grunnnámskeiði sem haldið er, eða samþykkt, af dómaramáði.

Námskeiðið skal innihalda:

- Yfirferð á veiðiprófreglum og hugtökum.
- Notkun á umsagnarblaði og áherslur við munnlegar umsagnir.
- Kynning á eðlislægum og áunnum eiginleikum sækjandi hunda (retriever hunda).

Að námskeiðinu loknu og prófi sem því fylgir fær umsækjandi að vita hvort hann hefur staðist kröfur eða ekki. Þeir sem standast grunnnámskeiðið eru samþykktir sem dómáranemar. Að loknu dómáranámi fær dómáranemi stöðu sem lærlingur.

Þegar dómáranemi er samþykktur til náms er honum afhent dagbók sem fylgir honum allan námstímann. Þar skal halda skrá yfir á hvaða prófum hann hafði ákveðin hlutverk og skal það staðfest með áritun dómara. Jafnframt skal færa til bókar hvort mælt sé með að hann sem nemandi haldi námi áfram eða sem lærlingur hafi staðist gerðar kröfur og fái meðmæli til viðurkenningar réttinda.

6) Framkvæmd náms

Dómáranemi skal hefja verklegt nám sama tímabil og grunnnámskeið fór fram. Verklega námið skal fara fram í þremur flokkum á B-prófum: BFL, OFL og ÚFL-B. Nemi má aðeins taka þátt í einum flokki hvern dag. Nemandi skal vinna með a.m.k. þremur prófdómurum á námstímanum. Til þess að verkþáttur teljist fullnægjandi þarf að dæma að lágmarki fimm hunda í hverjum flokki og skulu minnst þrjár þeirra hafa verið í einkunn. Æskilegt er að í verklegu námi skuli nemi einnig dæma í veiðieiginleikapróf fyrir sækjandi veiðihunda.

7) Verklegt dómáranám

Framkvæmd verklegs dómáranáms skal vera eftirfarandi:

- Sem stöðug samskipti milli dómara og nemanda
- Nemandi gefur munnlega skýrslu við a.m.k. fjögur ólík tækifæri yfir daginn
- Nemandi skrifar umsögn um a.m.k. þrjá hunda í hverjum flokki

Að veiðiprófi loknu skulu nemandi og dómari fara saman yfir skriflegar umsagnir nemanda. Viðkomandi dómari skal senda skriflega umsögn til dómáráðs Retrieverdeildar. Umsögnin skal innihalda mat dómans á skilningi nemandans á dómum og dómaferli auk framkomu hans við þátttakendur í prófinu.

- Dómáranemi skal vera skráður á prófskrá
- Veiðiprófsdómari skal hafa a.m.k. tveggja ára reynslu til að mega taka að sér nema
- Aðeins má einn nemandi fylgja hverjum dómara í prófi
- Dómari og/eða dómáráð geta krafist þess að nemandi leggi meiri vinnu í einstaka flokka en reglur kveða á um

Verklegu dómáranámi skal ljúka innan tveggja ára frá því að nemandi var samþykktur til náms. Gera má undantekningu frá þessari reglu.

8) Lærlingur

Til þess að dómáranemi megi ganga með dómara sem lærlingur þarf hann að hafa staðist allar kröfur dómáráðs Retrieverdeildar sem dómáranemi. Dómáralærlingur skal ganga með einum eða fleiri dómurum sem ekki hafa komið við sögu í verklegu dómáranámi viðkomandi nemanda. Lærlingur þarf að ganga að lágmarki með einum erlendum dómara. Val á dómara eða dómurum skal fara fram í samráði við dómáráð.

- Lærlingur skal vera skráður í prófskrá viðkomandi prófs.
- Dómari skal hafa minnst tveggja ára reynslu sem dómari til þess að mega hafa lærling.
- Aðeins skal einn lærlingur ganga með hverjum dómara.
- Lærlingurinn skal ganga með á B-prófi í öllum flokkum: BFL, OFL og ÚFL-B.
- Lærlingurinn þarf að skila að lágmarki 4 umsögnum í hverjum flokki, ekki er þörf á því að þessar umsagnir séu á sama prófinu.
- Lærlingurinn skal vinna sjálfstætt á prófinu.
- Lærlingurinn skal gera umsögn um alla hunda í viðkomandi flokki.

- h) Lærlingur skal skila umsögnum sínum til prófstjóra í lokuðu umslagi, sem teknar skulu fyrir á fundi dómarráðs.
- i) Lærlingur skal hafa gengið með erlendum dómara að minnsta kosti einu sinni eftir að hann hóf nám sem dómaranemi.

9) Samþykki

Vinna lærlings er metin á samráðsvettvangi þeirra dómara sem hafa gengið með honum úti í mörkinni – fulltrúi Retrieverdeildar í dómarráði skal líka sitja fundinn. Í tilfalli erlendra dómara dugar skrifleg umsögn hans sem innlegg. Á fundinum skal ákveðið hvort sú vinna sem lærlingurinn hefur innt af hendi dugi honum til að fá dómarréttindi. Leiki vafi á því er hægt að kalla lærlinginn á fund og prófa hann í reglum eða til þess að útskýra og/eða rökstyðja dóma sína.

10) Viðurkenning

Sé niðurstaða sú að útskrifa megi lærlinginn og viðurkenna sem dómara, er það fært inn í dagbók lærlingsins. Skal dagbókin, umsagnir og tvær passamyndir sendar frá dómarráði og stjórn Retrieverdeildar til Hundaræktarfélags Íslands. Hundaræktarfélagið ákveður hvort lærlingurinn stenst mat, veitir honum dómarréttindi sem veiðihundadómara og skráir hann í spjaldskrá sína. Komist dómarafundur að þeirri niðurstöðu að lærlingur hafi ekki uppfyllt skilyrði til þess að fá dómarréttindi, skal það skráð í dagbókina. Þar skal jafnframt geta þess hvort hann teljist eiga erindi til að taka próf að nýju.

11) Biðstaða fyrir einstaklinga sem falla á réttindaprófi

Þeir aðilar sem falla á réttindaprófi mega ekki taka annað próf fyrir en eftir tvö ár. Allan námstíma skal dómarráð vera nemanum/lærlingnum innan handar um ráðgjöf óski hann þess.

12) Viðhald dómarréttinda

Viðurkenndir veiðiprófsdómarar verða að vera virkir meðlimir í Hundaræktarfélagi Íslands til þess að halda réttindum sínum. Til þess að halda réttindum sínum verður veiðiprófsdómari að dæma á opinberu veiðiprófi a.m.k. þriðja hvert ár og taka sjálfur þátt í prófi að lágmarki fimmta hvert ár *). Próf mega vera á Íslandi eða öðrum viðurkenndum af FCI löndum. Eins er dómurum ætlað að taka þátt í samráðsfundum dómara á vegum dómarráðs Retrieverdeildar.**)

13) Stjórnsýsla

Retrieverdeild heldur skrá yfir alla dómara sem á einhverjum tímapunkti hafa haft réttindi til að dæma veiðipróf á Íslandi.

14) Endurheimt réttinda

Metið í hverju tilfalli af Hundaræktarfélagi Íslands. Ef dómari sem af einhverjum ástæðum hefur misst réttindi sín sem veiðiprófsdómari óskar að endurheimta réttindi sín getur hann sent rökstudda umsókn þess efnis til dómarráðs Retrieverdeildar. Umsóknin verður metin á grundvelli innsendra gagna og álit dómarráðs sent til stjórnar Retrieverdeildar og þaðan áfram til Hundaræktarfélags Íslands.***)

15) Undantekningar

Í sérstökum tilfellum þegar nauðsyn krefur getur Hundaræktarfélag Íslands vikið frá þessum reglum.

**) Vegna kröfu um þátttöku í prófum er hægt að sækja um rökstudda undanþágu. Sækja skal um undanþágu til eins árs í senn til dómarráðs Retrieverdeildar. Þetta má gera allt að þrjú ár í röð. Við mögulega svifingu réttinda skal dómarráð senda boð þar um til stjórnar Retrieverdeildar sem sendir þau áfram til Hundarættarfélagssins. Þessi tímamörk miðast við gildistöku þessara regla og byrja að telja þá en ekki vera afturvirk.*

****) Vegna kröfu um þátttöku í samráðsfundum dómara má senda inn rökstudda beiðni um undanþágu. Umsóknin skal stílast á dómarráð retrieverdeildar.*

*****) Í flestum tilfellum er gerð krafa um að viðkomandi gangi aftur dómaraþróf sem lærlingur. Falla má frá þessari kröfu í sérstökum tilfellum þar sem ljóst má vera að fyrrverandi dómari uppfylli enn kröfur um hæfni sem dómari.*

Samþykkt af stjórn Retrieverdeildar og dómurum HRFÍ fyrir retriever hunda.

Reglur þessar taka gildi við samþykki stjórnar HRFÍ

Reykjavík 27. apríl 2016